

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um flugvernd nr. 985/2011.

1. gr.

Við 3. gr. reglugerðarinnar bætist eftirfarandi orðskýring í rétttri stafrófsröð:

ACC3-flugrekandi (Air Cargo or Mail Carrier operating into the Union from a Third Country Airport): Flugrekandi, sem flytur farm eða pósti frá flugvelli í þriðja ríki og er ekki skráður skv. reglugerð (ESB) nr. 859/2011 vegna flugskipta, gegnumferðar eða affermingar á einhverjum þeim flugvelli sem fellur undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 300/2008.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 22. gr. reglugerðarinnar:

1. Fyrirsögn greinarinnar verður: *Flugverndareftirlit sem þekktur birgir eða rekstraraðili flugvallar á að viðhafa.*
2. Nýjar málsgreinar, 2. og 3. mgr. bætast við greinina og orðast þær svo:
 2. mgr. verður svohljóðandi: Ákvæði e. liðar gildir ekki um flutning á svæðinu.
 3. mgr. verður svohljóðandi: Ef þekktur birgir felur flutning birgða til flugvallarins öðru fyrirtæki, sem ekki er þekktur birgir rekstraraðila flugvallarins, skal þekkti birgirinn tryggja að farið sé að öllum flugverndarráðstöfunum sem tilgreindar eru í þessum lið.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 25. gr. reglugerðarinnar:

Nýr stafliður, e-liður, bætist við, svohljóðandi: Að öðrum kosti má einnig veita aðgang eftir að örugg kennsl hafa verið borin á einstaklinginn með sannprófun lífkenniuþplýsinga.

4. gr.

Fyrirsögn IV. kafla verður: **Tilnefning aðila vegna flugverndar, skráðir sendendur, þekktir birgjar og ACC3-flugrekendur.**

5. gr.

Ný grein sem verður, 25. gr. a., bætist við og orðast svo ásamt fyrirsögn:

ACC3-flugrekandi.

Flugrekandi sem flytur flugfarm eða flugpósti inn til Evrópu frá þriðja ríki, skal sækja um að vera viðurkenndur ACC3-flugrekandi til Flugmálastjórnar Íslands eða þar til bærð yfirvalds samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 859/2011, með síðari breytingum.

ACC3-flugrekandi skal tryggja að flugfarmur eða flugpóstur sem hann flytur sé upprunninn frá aðila sem hlotið hefur viðurkenningu sem umboðsaðili eða þekktur sendandi í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 185/2010, sbr. reglugerð (ESB) nr. 859/2011, með síðari breytingum.

6. gr.

Orðin „SIS-upplýsingakerfinu;“ í 1. mgr. 27. gr. reglugerðarinnar falla brott.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 39. gr. reglugerðarinnar:

- a. Eftirfarandi breytingar verða á c., e. og f. liðum 1. mgr.:
 1. Í stað orðanna „að því tilskildu að efni“ kemur: að því tilskildu að vökvanum, úðæfni eða gelinu.
 2. Í stað orðanna „hafi verið keypt á viðkomandi flugvelli þennan sama dag,“ kemur: hafi verið keypt á flugsvæði viðkomandi flugvallar innan síðustu 24 klukkutíma.
 3. Í stað orðanna „falla úr gildi 29. apríl 2013“, í g. lið 1. mgr. kemur: falla úr gildi 30. janúar 2014.

b. Ný málsgrein, 4. mgr., bætist við, svohljóðandi:

Rekstraraðili flugvallar skal upplýsa Flugmálastjórn Íslands um hvernig miði við innleiðingu og notkun öryggisskanna til gegnumlýsingar á vökva, úðafnum og geli, sbr. reglugerð (ESB) nr. 246/2013, eigi síðar en 30. júní 2013. Flugmálastjórn Íslands skal upplýsa Eftirlitsstofnun EFTA, ESA, um stöðuna, eigi síðar en 1. september 2013.

c. Ný málsgrein, 5. mgr., bætist við, svohljóðandi:

Frá og með 31. janúar 2014, er farþega heimilt að hafa með sér vökva, úðafni og gel inn á haftasvæði flugverndar, að því tilskildu að efnin verði skimuð eða séu undanþegin skimun í samræmi við kröfur samkvæmt reglugerð (EB) nr. 300/2008, með síðari breytingum, sbr. reglugerð (ESB) nr. 245/2013 og reglugerð (ESB) nr. 246/2013. Framangreind heimild mun verða veitt í áföngum frá og með fyrrgreindu tímamarki hvað varðar ákveðnar tegundir vökva, úðafnis og gels.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á A. lið 2. gr. viðauka I við reglugerðina:

1. Fyrirsögn í A. lið 2. gr. viðauka I við reglugerðina, orðast svo: Farþegar, handfarangur, flugvallarbirgðir og birgðir til notkunar um borð.
2. Ný málsgrein, 2. mgr. bætist við greinina, svohljóðandi: Óheimilt er að flytja bannaða hluti skv. 1. mgr. inn á haftasvæði flugverndar eða um borð í loftfar sem flugvallarbirgðir eða birgðir til notkunar um borð.

9. gr.

q – u liðir 1. mgr. 61. gr. orðast svo:

- q. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 711/2012 frá 3. ágúst 2012 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 185/2010 um ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd að því er varðar aðferðir við skimun annarra einstaklinga en farþega og hluta sem þeir bera á sér, birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 14, 7. mars 2013, bls. 730-732, samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á XIII. viðauka EES-samningsins nr. 23/2013 frá 1. febrúar 2013;
- r. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 859/2011 frá 25. ágúst 2011 um breytingar á reglugerð (ESB) nr. 185/2010 um ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd að því er varðar flugfarm og flugpóst, birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 16, 14. mars 2013, bls. 255-261, samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á XIII. viðauka EES-samningsins nr. 23/2013 frá 1. febrúar 2013;
- s. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 173/2012 frá 29. febrúar 2012 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 185/2010 að því er varðar nánari útlistun og einföldun á tilteknum sértekum flugverndarráðstöfunum, birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 16, 14. mars 2013, bls. 262-269, samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á XIII. viðauka EES-samningsins nr. 23/2013 frá 1. febrúar 2013;
- t. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 245/2013 frá 19. mars 2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 272/2009 að því er varðar skimun vökva, úðafna og gels á flugvöllum í Evrópusambandinu. Reglugerðin er birt sem fylgiskjal I með reglugerð þessari; og
- u. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 246/2013 frá 19. mars 2013 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 185/2010 að því er varðar skimun vökva, úðafna og gels á flugvöllum í Evrópusambandinu. Reglugerðin er birt sem fylgiskjal II með reglugerð þessari.

10. gr.

Með reglugerð þessari öðlast gildi hér á landi eftirtaldir reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIII. viðauka samningsins, bókun I um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum hans:

1. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 711/2012 frá 3. ágúst 2012 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 185/2010 um ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd að því er varðar aðferðir við skimun annarra einstaklinga en farþega og

hluta sem þeir bera á sér, birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 14, 7. mars 2013, bls. 730-732, samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á XIII. viðauka EES-samningsins nr. 23/2013 frá 1. febrúar 2013;

2. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 859/2011 frá 25. ágúst 2011 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 185/2010 um ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd að því er varðar flugfarm og flugpóst, birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 16, 14. mars 2013, bls. 255-261, samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á XIII. viðauka EES-samningsins nr. 23/2013 frá 1. febrúar 2013;
3. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 173/2012 frá 29. febrúar 2012 um breytingar á reglugerð (ESB) nr. 185/2010 að því er varðar nánari útlistun og einföldun á tilteknum sér-tækum flugverndarráðstöfunum, birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 16, 14. mars 2013, bls. 262-269, samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á XIII. viðauka EES-samningsins nr. 23/2013 frá 1. febrúar 2013;
4. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 245/2013 frá 19. mars 2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 272/2009 að því er varðar skimun vökva, úðaefna og gels á flugvöllum í Evrópusambandinu. Reglugerðin er birt sem fylgiskjal I með reglugerð þessari; og
5. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 246/2013 frá 19. mars 2013 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 185/2010 að því er varðar skimun vökva, úðaefna og gels á flugvöllum í Evrópusambandinu. Reglugerðin er birt sem fylgiskjal II með reglugerð þessari.

Með reglugerð þessari öðlast jafnframt gildi hér á landi eftirfarandi ákvarðanir framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, settar á grundvelli reglugerðar (EB) nr. 300/2008 frá 11. mars 2008, um sameiginlegar reglur um flugvernd, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIII. viðauka samningsins, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum hans:

1. *Ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. C(2011)5862 lokaútgáfa frá 17. ágúst 2011 um ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd hvað varðar flutning á flugfarmi og pósti*, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 23/2013 frá 1. febrúar 2013;
2. *Ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. C(2011)9407 lokaútgáfa frá 21. desember 2011 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/774/EB hvað varðar flugfarm og póst*, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 23/2013 frá 1. febrúar 2013;
3. *Ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. C(2012)1228 lokaútgáfa frá 29. febrúar 2012 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/774/EB hvað varðar skýringu og einföldun sérstakra aðgerða í flugvernd*, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 23/2013 frá 1. febrúar 2013;
4. *Ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. C(2012)5672 lokaútgáfa frá 10. ágúst 2012 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/774/EB um ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd hvað varðar flugfarm og póst*, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 23/2013 frá 1. febrúar 2013;
5. *Ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. C(2012)5880 lokaútgáfa frá 23. ágúst 2012 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/774/EB um ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd hvað varðar aðferðir notaðar við skönnun einstaklinga annarra en farþega og handfarangurs*, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 23/2013 frá 1. febrúar 2013; og
6. *Ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. C(2013)1587 lokaútgáfa frá 19. mars 2013 sem breytir ákvörðun C(2012)774 að því er varðar skimun vökva, úðaefna og gels á flugvöllum ESB*. Gerðin er leynileg og verður ekki birt.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 2. mgr. 70. gr. d, sbr. 145. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Innanríkisráðuneytinu, 29. apríl 2013.

Ögmundur Jónasson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Fylgiskjal I.**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 245/2013**

frá 19. mars 2013

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 272/2009 að því er varðar skimun vökva, úðafna og gels á flugvöllum í Evrópusambandinu

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 300/2008 frá 11. mars 2008 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningsflugi og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 2320/2002 ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Framkvæmdastjórninni ber, skv. 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008, að samþykkja almennar ráðstafanir sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum sameiginlegra grunnkrafna, sem mælt er fyrir um í I. viðauka við þá reglugerð, með viðbótum við ákvæðin.
- 2) Í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 272/2009 frá 2. apríl 2009 um viðbætur við sameiginlegar grunnkröfur um flugvernd í almenningsflugi sem mælt er fyrir um í viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 300/2008 er mælt fyrir um almennar ráðstafanir til að bæta við almennar grunnkröfur um flugvernd í almenningsflugi ⁽²⁾. Í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 272/2009 er sérstaklega mælt fyrir um aðferðir, þ.m.t. tækni til að greina sprengiefni í fljótandi formi, með hliðsjón af því að heimila að vökvi, úðafni og gel séu höfð meðferðis inn á haftasvæði flugverndar og um borð í loftfar.
- 3) Til að mögulegt sé að innleiða í áföngum skimunarkerfi sem greinir sprengiefni í fljótandi formi eru settar fram tvær dagsetningar í viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 297/2010 frá 9. apríl 2010 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 272/2009 um viðbætur við sameiginlegar grunnkröfur um flugvernd í almenningsflugi ⁽³⁾: 29. apríl 2011, að því er varðar skimun vökva, úðafna og gels, sem keypt eru á flugvelli í þriðja landi eða um borð í loftfari flugrekanda utan Evrópusambandsins og 29. apríl 2013 að því er varðar skimun allra vökva, úðafna og gels.
- 4) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 720/2011 frá 22. júlí 2011 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 272/2009 um viðbætur við sameiginlegar grunnkröfur um flugvernd í almenningsflugi, að því er varðar að innleiða í áföngum skimun vökva, úðafna og gels á flugvöllum í Evrópusambandinu ⁽⁴⁾, var felld brott dagsetningin 29. apríl 2011 þar sem þróun í Evrópusambandinu og alþjóðleg þróun skömmu fyrir 29. apríl 2011 sýndi fram á að fáir flugvellar myndu með skilvirkum hætti geta boðið upp á aðstöðu til skimunar og að mögulega kynnu farþegar að vera í vafa um hvort heimilt væri að hafa vökva, úðafni og gel, sem keypt eru á flugvelli í þriðja landi eða um borð í loftfari flugrekanda utan Evrópusambandsins, meðferðis inn á haftasvæði flugverndar og um borð í loftfar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 97, 9.4.2008, bls. 72.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 91, 3.4.2009, bls. 7.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 90, 10.4.2010, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 193, 23.7.2011, bls. 19.

- 5) Þróun á sviði tækni eða reglusetningar, bæði á vettvangi Evrópusambandsins og á alþjóðavettvangi, getur haft áhrif á dagsetningarnar, sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 272/2009 og ef við á, getur framkvæmdastjórnin lagt fram tillögur um endurskoðun, einkum að því er varðar virkni búnaðar og tillitssemi við farþega.
- 6) Framkvæmdastjórnin hefur starfað náið með öllum hlutaðeigandi aðilum til að meta stöðuna að því er varðar skimun vökva, úðaefna og gels á flugvöllum í Evrópusambandinu fyrir júlí 2012. Hluti af þessu starfi hefur falið í sér prófanir á framkvæmd skimunarbúnaðarins. Mat framkvæmdastjórnarinnar á stöðunni var sent Evrópuþinginu og ráðinu í júlí 2012 í formi skýrslu framkvæmdastjórnarinnar ⁽⁵⁾.
- 7) Á grundvelli þessa mats og einkum með hliðsjón af umtalsverðri rekstraráhættu, ef skyldubundið væri að skima fyrir sprengiefni í fljótandi formi í öllum vökvum, úðaefni og geli á öllum flugvöllum í Evrópusambandinu frá 29. apríl 2013, telur framkvæmdastjórnin að skipta skuli út þessari dagsetningu og aflétta takmörkunum í áföngum, sem tryggir að háu öryggisstigi og tillitssemi við farþega sé viðhaldið á öllum stigum eins og fram kemur í framkvæmdarreglunum.
- 8) Því ber að breyta viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 272/2009 til samræmis við það.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stjórnsýslunefndarinnar um flugvernd í almenningflugum.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:*1. gr.*

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 272/2009 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. mars 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

⁽⁵⁾ COM(2012) 404, 18.7.2012, hefur ekki verið birt.

VIÐAUKI

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 272/2009 er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. liðar í A-hluta komi eftirfarandi:

„2. Að því er varðar skimun handfarangurs, hluta sem aðrir en farþegar bera á sér, pósts flugrekanda og rekstrarvara flugrekanda nema þegar setja á þau í lest loftfars, birgða til notkunar um borð og flugvallarbirgða:

- a) handleit,
- b) sjónræna skoðun,
- c) röntgenbúnað,
- d) búnað til greiningar sprengiefnis (EDS),
- e) sprengjuleitarhunda (EDD),
- f) snefilgreiningartæki fyrir sprengiefni (ETD) og
- g) búnað til greiningar sprengiefnis í fljótandi formi (LEDS).“

b) Í stað hluta B1 komi eftirfarandi:

„HLUTI B1

Vökvar, úðæfni og gel

Heimilt er að hafa vökva, úðæfni og gel meðferðis inn á haftasvæði flugverndar að því tilskildu að efnin hafi verið skimuð eða séu undanþegin skimun í samræmi við kröfur í framkvæmdarreglunum sem eru samþykktar skv. 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008.“

Fylgiskjal II.**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 246/2013**

frá 19. mars 2013

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 185/2010 að því er varðar skimun vökva, úðafna og gels á flugvöllum í Evrópusambandinu

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 300/2008 frá 11. mars 2008 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningflugum og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 2320/2002 ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í samræmi við 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008 skal framkvæmdastjórnin samþykkja nákvæmar ráðstafanir um framkvæmd sameiginlegra grunnkröfna um flugvernd í almenningflugum, sem mælt er fyrir um í I. viðauka þeirrar reglugerðar.
- 2) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 272/2009 ⁽²⁾ um viðbætur við sameiginlegar grunnkröfur um flugvernd í almenningflugum, með áorðnum breytingum, er mælt fyrir um aðferðir, þ.m.t. tækni til að greina sprengiefni í fljótandi formi, með hliðsjón af því að heimila að vökvi, úðafni og gel séu höfð meðferðis inn á haftasvæði flugverndar og um borð í loftfar.
- 3) Framkvæmdastjórnin getur, á grundvelli skýrslu ⁽³⁾ framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins og ráðsins um mat á stöðunni, að því er varðar öryggisskimun vökva, úðafna og gels á flugvöllum í Evrópusambandinu og að teknu sérstöku tilliti til virkni búnaðar og tillitssemi við farþega, lagt fram tillögur um endurskoðun. Framkvæmdastjórnin telur viðeigandi að innleiða skyldubundna skimun fyrir sprengiefnum í fljótandi formi á flugvöllum og skimun vökva, úðafna og gels, sem keypt eru á flugvöllum eða um borð í loftfarinu og sem er komið fyrir í poka með innsigli sem sýnir hvort átt hafi verið við hann, sem og skimun vökva, úðafna og gels, sem nota á í flugferðinni í lækisfræðilegum tilgangi eða vegna kröfu um sérþæði, þ.m.t. barnamat.
- 4) Framkvæmdastjórnin einsetur sér að aflétta að fullu takmörkunum sem gilda um að hafa vökva, úðafni og gel meðferðis. Á grundvelli fenginnar reynslu á framkvæmd skimunar frá janúar 2014, skal framkvæmdastjórnin endurskoða stöðuna í árslok 2014 og skilgreina, í nánú samstarfi við alla hlutaðeigandi aðila, næstu skref til að ná þessu markmiði, ef mögulegt er innan næstu tveggja ára frá því að fyrsta skrefið er tekið.
- 5) Framkvæmdastjórnin skal fylgjast náið með tækniþróun greiningarkerfa fyrir sprengiefni í fljótandi formi, með það í huga að veita flugvöllum e.t.v. leyfi í framtíðinni til að nota skimunarkerfi, sem geta skimað fyrir fleiri hættum (s.s. sprengiefni í föstu og fljótandi formi), með skilvirkum hætti sem gerir jafnframt kleift að einfalda verklagið við skimun.
- 6) Því ber að breyta reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 185/2010 frá 4. mars 2010 um ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd ⁽⁴⁾ til samræmis við það.

⁽¹⁾ Stjótið. ESB L 97, 9.4.2008, bls. 72.⁽²⁾ Stjótið. ESB L 91, 3.4.2009, bls. 7.⁽³⁾ COM(2012) 404, 18.7.2012, hefur ekki verið birt.⁽⁴⁾ Stjótið. ESB L 55, 5.3.2010, bls. 1.

- 7) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um flugvernd í almenningsflugi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 185/2010 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Eigi síðar en 30. júní 2013 skulu flugvellir, eða sú eining sem ber ábyrgð á skimun, gefa hlutaðeigandi yfirvöldum skýrslu um stöðuna á framkvæmd reglnanna um innleiðingu og notkun vökvaskimunarbúnaðar. Aðildarríkin skulu, eigi síðar en 1. september 2013, tilkynna framkvæmdastjórninni um það.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Ákvæði 2. liðar í viðaukanum gildir frá 31. janúar 2014.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. mars 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

1. Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 185/2010 er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi c-liður bætist við í lið 4.0.4 í 4. kafla:

„c) „búnaður til greiningar sprengiefnis í fljótandi formi (LEDS)“: búnaður sem getur greint hættuleg efni og uppfyllir ákvæðin í lið 12.7 í viðaukanum við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C (2010) 774.“

b) Í stað g-liðar í lið 4.1.3.4 í 4. kafla komi eftirfarandi:

„g) er keypt á flugvelli, sem staðsettur er í þriðja landi, sem skráð er í fylgiskjali 4-D, að því tilskildu að vökvanum, úðaefninu eða gelinu sé komið fyrir í poka með innsigli sem sýnir hvort átt hafi verið við hann og í pokanum sé fullnægjandi sönnun þess efnis að vökvinn, úðaefnið eða gelið hafi verið keypt á flugsvæði viðkomandi flugvallar innan 36 klukkustunda. Veita má undanþágur frá þessum lið, í síðasta lagi til 30. janúar 2014.“

c) Í 4. kafla falli brott liðirnir 4.1.3.1 og 4.1.3.2.

d) Í stað liðar 12.7.1.1 í 12. kafla komi eftirfarandi:

„12.7.1.1 Búnaður til greiningar sprengiefnis í fljótandi formi skal geta greint og gefið það til kynna með viðvörðunarkerki ef tilgreint magn af hættulegum efnum er til staðar í vökvanum, úðaefninu og gelinu eða ef þau eru til staðar í meira magni.“

e) Í stað liðar 12.7.2 í 12. kafla komi eftirfarandi:

„12.7.2. Staðlar fyrir búnað til greiningar sprengiefnis í fljótandi formi (LEDS)

12.7.2.1. Þrír staðlar skulu gilda fyrir búnað til greiningar sprengiefnis í fljótandi formi. Mælt er fyrir um ítarlegar kröfur fyrir þessa staðla í sérstakri ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar.

12.7.2.2. Allur búnaður til greiningar sprengiefnis í fljótandi formi skal uppfylla staðal 1.

Heimilt er að nota búnað til greiningar sprengiefnis í fljótandi formi, sem uppfyllir staðal 1, í síðasta lagi til 30. janúar 2016.

12.7.2.3. Staðall 2 gildir um hvers konar búnað til greiningar sprengiefnis í fljótandi formi, sem settur er upp frá og með þeim degi sem þessi reglugerð öðlast gildi.

Hvers konar búnaður til greiningar sprengiefnis í fljótandi formi skal uppfylla staðal 2, í síðasta lagi frá 31. janúar 2016.

2. Frá og með 31. janúar 2014 er viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 185/2010 breytt sem hér segir:

a) Í stað liðar 4.1.2.2 í 4. kafla komi eftirfarandi:

„4.1.2.2. Við komu á haftasvæði flugverndar skal viðeigandi eining á öllum flugvöllum, skima a.m.k. vökva, úðaefni og gel, sem keypt eru á flugvelli eða um borð í loftfari og komið hefur verið fyrir

í poka með innsigli sem sýnir hvort átt hafi verið við hann, þar sem í pokanum er að finna fullnægjandi sönnun þess efnis að vökvinn, úðæfnið eða gelið hafi verið keypt á flugsvæði flugvallar eða um borð í loftfari, sem og vökva, úðæfni og gel, sem nota á í ferðinni í læknisfræðilegum tilgangi eða vegna kröfu um sérþæði, þ.m.t. barnamatúr.

Vökvar, úðæfni og gel skulu fjarlægð úr handfangri áður en skimun fer fram og þau skimuð sérstaklega, aðskilin frá öðrum hlutum í handfangri, nema búnaðurinn, sem notaður er við skimun handfangurs, geti einnig skimað mörg, lokuð ílát, sem innihalda vökva, úðæfni og gel, sem eru í fangri.

Þegar vökvar, úðæfni og gel hafa verið fjarlægð úr handfangri skal farþeginn afhenda:

- a) allan vökva, úðæfni og gel í aðskildum ílátum sem rúma að hámarki 100 ml, eða sambærilegt, í gagnsæjum, endurlokanlegum plastpoka sem rúmar að hámarki einn lítra þannig að nægilegt rými sé fyrir innihald plastpokans og hægt sé að loka pokanum tryggilega og
- b) allan annan vökva, úðæfni og gel, þ.m.t. poka með innsigli sem sýnir hvort átt hafi verið við hann, sem innihalda vökva, úðæfni og gel.

Hlutaðeigandi yfirvöld, flugrekendur og flugvellir skulu veita farþegum viðeigandi upplýsingar í tengslum við skimun vökva, úðæfna og gels á flugvöllum sínum.“

- b) Í stað liðar 4.1.3 í 4. kafla komi eftirfarandi:

„4.1.3. Skimun vökva, úðæfna og gels

4.1.3.1. Vökvi, úðæfni og gel, sem farþegar hafa meðferðis, eru undanþeginn skimun með búnaði til greiningar sprengiefnis í fljótandi formi, við komu inn á haftasvæði flugverndar:

- a) ef vökvinn, úðæfnið og gelið er í aðskildum ílátum sem rúma að hámarki 100 ml, eða sambærilegt, í gagnsæjum, endurlokanlegum plastpoka sem rúmar að hámarki einn lítra þannig að nægilegt rými sé fyrir innihald plastpokans og hægt sé að loka pokanum tryggilega eða
- b) ef vökvanum, úðæfninu og gelinu er komið fyrir í sérstökum poka með innsigli sem sýnir hvort átt hafi verið við hann, þegar þau eru keypt á flugsvæði viðkomandi flugvallar,
- c) ef vökvinn, úðæfnið og gelið, sem eru í poka með innsigli sem sýnir hvort átt hafi verið við hann, eru upprunnin frá öðrum flugvelli í Evrópusambandinu eða frá loftfari flugrekanda í Evrópusambandinu þar sem þau hafa verið sett aftur í sérstakan poka og honum lokað með innsigli sem sýnir hvort átt hafi verið við hann, áður en farið er með vökvann, úðæfnið og gelið frá haftasvæði flugverndar á flugvelli,
- d) ef vökvinn, úðæfnið og gelið eru skimuð á flugsvæði með búnaði til greiningar sprengiefnis í fljótandi formi og síðan komið fyrir í sérstökum poka með innsigli sem sýnir hvort átt hafi verið við hann.

Undanþágurnar, sem um getur í c- og d-lið, falla úr gildi 31. desember 2015.

4.1.3.2. Sérstakir pokar með innsigli sem sýna hvort átt hafi verið við þá, sem um getur í b- til d-lið í lið 4.1.3.1, skulu:

- a) vera pokar með innsigli sem sýnir hvort átt hafi verið við þá og auðgreindir eru viðkomandi flugvelli, sem notaðir eru á þeim flugvelli,
- b) innihalda sönnun þess að kaupin hafi átt sér stað eða vökvanum hafi verið lokað aftur í

sérstökum poka með innsigli á viðkomandi flugvelli innan síðustu þriggja klukkustunda,

c) falla undir viðbótarákvæðin sem mælt er fyrir um í sérstakri ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar.

4.1.3.3. Skimun vökva, úðæfna og gels skal einnig falla undir viðbótarákvæðin sem mælt er fyrir um í sérstakri ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar.“

c) Ákvæði fylgiskjals 4-D falli brott.

B-deild – Útgáfud.: 29. apríl 2013